

Það þykir því af þessum ástæðum, og án þess að frekari rannsóknar þurfi á öðrum atriðum málsins, eiga að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1918.

45/1918.

Firmað Trolle & Rothe,

f. h. váttryggingarfélagins h.f. »Wolga«
í Petrograd

gegn

Aug. Flygenring

f. h. hlutafélagsins »Ýmir«.

D ó m u r:

Hinn 25. marz 1916 var botnvörpuskipið »Ýmir« frá Hafnarfirði á siglingu í norðaustanroki og snjóbyl undan Selvogi; kendi skipið þá grunns en losnaði samstundis aftur af grunni. Kom þá þegar í ljós að leki hafði komist að skipinu, því sjór gekk inn í fisklestina, svo mjög að dælur skipsins höfðu ekki undan að ausa það. Var þá haldið inn til Þorlákshafnar, og þar sem skipstjóra virtist ekki útlit fyrir að skip-

ið mundi geta bjargað sér sjálf, símaði hann eftir björgunarskipinu »Geir« til Reykjavíkur. Kom það til Þorlákshafnar daginn eftir, setti dælur frá sér yfir í »Ými«, þurjós hann og flutti til Hafnarfjarðar; kom Ýmir þangað 27. marz 1916 og var þar framkvæmd bráðabyrgða-aðgerð, sem nauðsynleg var til þess að skipið gæti flotið áhættulaust.

Eftir ósk umboðsmanns allra þeirra váttryggingarfélaga, sem hér áttu hlut að máli, einnig ábyrgðarfélagsins »Wolga«, voru 2 menn dómkvaddir til þess að gjöra fullnaðarmat og niðurjöfnun skaða út af framangreindu áfalli »Ýmis«. Möttu þeir hið sameiginlega sjótjón út af áfallinu kr. 28.536.75, þar af jöfnuðu þeir kr. 26.675.94 niður á skipið sjálf, og af þeim aftur kr. 8.423.99 niður á ábyrgðarfélagið »Wolga«, sem skipið var váttrygt hjá fyrir 90.000 krónum.

Með því að umboðsmaður váttryggingarfélagsins »Wolga« leit svo á, að félaginu væri ekki skylt að greiða upphæð þessa, höfðaði framkvæmdarstjóri hlutafélagsins »Ýmis«, Aug. Flygenring kaupmaður í Hafnarfirði mál þetta fyrir sjórétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda, firmanu Trolle & Rothe sem aðalumboðsmanni váttryggingarfélagsins h. f. »Wolga« til þess að fá það dæmt til að greiða hlutafélaginu »Ými« áðurnefndar 8.423 kr. 99 au. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins. Með dómi sjóréttarins, uppkveðnum 13. júlí þ. á., var áfrýjandi fyrir váttryggingarfélagsins hönd dæmdur til að greiða stefnda fyrirhönd h. f. »Ýmis« umstefndar

8.423 kr. 99 aura, með 6% ársvöxtum frá 30. nóv. 1917 til greiðsludags og 100 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir firmað Trolle & Rothe f. h. váttryggingarfélagssins »Wolga« skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 9. ágúst þ. á. og krafist þess að dómnum verði hrundið og breytt þannig að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í mál-málinu og stefndi dæmdur til í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Neitun sína um að greiða hina umstefndu upphæð byggir áfrýjandi á því að váttryggingarfélagið »Wolga« hafi aðeins tekið »Ými« í váttryggingu gegn algerðum skiptapa, og þar sem hér hafi aðeins verið um minni háttar skemdir að ræða, sé skilyrðið fyrir ábyrgðarskyldu, eigi fyrir hendi fjelagsins.

Það er nú að vísu tekið fram í ábyrgðarskirteini því, sem ábyrgðarfélagið »Wolga« hefir gefið út fyrir áminstri váttryggingu, að hún gildi aðeins gegn algerðum skiptapa, en í því liggur ekki að félagið þurfi ekkert að borga nema því aðeins að skipið farist algjörlega, með því að það liggur í hlutarins eðli, að félagið verður að taka þátt í kostnaði við þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og gjörðar af viti og forsjálni til þess að vernda skipið frá yfirvofandi hættu og fyrirbyggja að algjörður skiptapi verði, en að »Ýmir« hafi verið í slíkri hættu staddur, hefir áfrýjandi eigi neitað.

Þetta er og beinlínis tekið fram í 192. gr. í samþykkt 2. apríl 1850, sem tekið er fram í váttrygging-

arskirteininu, að váttryggingin sé gjörð samkvæmt, og það virðist enginn vafi vera á því að þessi grein eigi einnig við urn tryggingar þær, er ræðir um í 75. grein samþyktarinnar, en það eru samskonar tryggingar og hér ræðir um.

Yfirrétturinn verður því að vera sjóðóminum samdóma um það, að váttryggingarfélagið »Wolga« eigi að sínum hluta að taka þátt í hinu sameginlega sjóttjóni, er »Ýmir« varð fyrir, hlutfallslega við aðra hlutaðeigendur, og þar sem áfrýjandi hefir ekkert sérstakt haft að athuga við mat sjóttjónsins eða niðurjöfnun þess á hlutaðeigendur, verða að fallast á það, að sjóðómurinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða hina umstefndu upphæð 8423 kr. 99 au. með vöxtum eins og segir í dómnum, og þar sem ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum,

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 60 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjadi sjóréttardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi firmað Trolle & Rothe fyrir hönd váttryggingar-félagsins h. f. »Wolga« í Petrograd greiði stefnda Aug. Flygenring fyrir hönd

hlutafélagsins »Ymir» í Hafnarfirði 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.
